

Línuhönnun
Ólafur Árnason
Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík

Reykjavík, 7. ágúst 2008
/--

Efni: Efnistaka úr landi Hjallatorfu í Lambafelli. Umsagnir.

Vegna efnistöku úr landi Hjallatorfu í Lambafelli hafa borist umsagnir frá Sveitarstjórn Ölfuss, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Umhverfisstofnun.

Skipulagsstofnun bendir á að í matsskýrslu þarf framkvæmdaraðili, umfram það sem kemur í frummatsskýrslu, að gera efnislega grein fyrir og taka afstöðu til umsagna sem Skipulagsstofnun hafa borist við frummatsskýrslu. Setja þarf fram á skýran og aðgengilegan hátt innihald umsagna og athugasemda ásamt rökstuddri afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra.

Skipulagsstofnun vill leggja til varðandi umsagnir að gerð verði grein fyrir efnispáttum umsagnanna og athugasemdanna og afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra í viðkomandi köflum sem efnisatriði umsagna taka til. Áður en Skipulagsstofnun tekur matsskýrslu til formlegrar efnislegrar meðferðar þarf stofnuninni að berast eitt eintak af matsskýrslu þar sem breytingar frá frummatsskýrslu sem og viðbætur við skýrsluna eru skýrt auðkenndar.

Meðfylgjandi eru afrit umsagna.



Rut Kristinsdóttir



SVEITARFÉLAGIÐ
ÖLFUS

RÁÐHÚSI ÖLFUSS • HAFNARBERGI 1 • 815 ÞORLÁKSHÖFN • SÍMI 480 3800 • FAX 480 3801

Skipulagsstofnun
b/t Rut Kristinsdóttur
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Á fundi bæjarstjórnar Ölfuss fimmtudaginn 26. júní s.l. var tekið fyrir erindi Skipulagsstofnunar þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins á frummatsskýrslu sem fyrirtækið Línuhönnun hf., hefur unnið fyrir Árvélar vegna efnistöku úr landi Hjallatorfu í Lambafelli.


Eftirfarandi tillaga lögð fram og samþykkt samhljóða:

“Bæjarstjórn Ölfuss hefur kynnt sér frummatsskýrslu Línuhönnunar vegna efnistöku úr landi Hjallatorfu í Lambafelli. Bæjarstjórn telur að skýrslan gefi glögga mynd af framkvæmdinni, upplýsingar um framkvæmdina og gagnaöflun sé fullnægjandi.


Sveitarfélagið Ölfus veitir framkvæmdaleyfi fyrir starfseminni að uppfylltum öllum skilyrðum.”

Ölfusi 27. júní 2008,

Virðingarfyllst,


Ólafur Aki Ragnarsson
Bæjarstjóri





Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegur 166
150 Reykjavík

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
kristinn@fornleifavernd.is

Reykjavík 30. júní 2008
Tilvisun: Fyr 2007110023 IKM


Efni: Efnistaka úr landi Hjallatorfu í Lambafelli í Sveitarfélaginu Ölfusi.


Fornleifavernd ríkisins hefur mótttekið bréf Skipulagsstofnunar frá 18. júní s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Í kafla 4.6 í frummatsskýrslu er fjallað um fornleifar. Þar kemur fram að Fornleifafræðistofan tók að sér að kanna hvort fornleifar eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Kannaðar voru heimildir um fornleifar og svæðið skoðað. Í viðauka 4 með frummatsskýrslu er greinargerð Bjarna F. Einarssonar fornleifafræðings. Þar kemur fram að engar fornleifar er að finna á fyrirhuguðu efnistökusvæði.

Fornleifavernd ríkisins telur að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar. Engar fornleifar eru á svæðinu og því mun framkvæmdin ekki hafa áhrif á fornleifar. Fornleifavernd ríkisins gerir ekki athugasemd við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að 13. gr. Þjóðminjalaga (Nr. 107/2001) sem hljóðar svo: *Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.*

Virðingarfyllst,
f.h. Fornleifaverndar ríkisins


Kristín Huld Sígurðardóttir
Forstöðumaður


Kristinn Magnússon
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. júlí 2008
Tilvísun: UST20080600155/bs

Efnistaka úr landi Hjallatorfu í Lambafelli. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 18. júní 2008 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Fyrirhugað er að taka á næstu 30 árum 27.000.000 m³ í viðbót við það efni sem þegar hefur verið tekið úr námunni, en talið er að þarna hafi verið tekið efni undanfarin 50 ár.

Lambafell er ekki ein þeirra jarðmyndana sem njóta skal sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Lambafell er ekki á náttúruminjaskrá, né innan svæðis sem vinna skal að því að friðlýsa samkvæmt náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við frummatsskýrslu:

1. Við lokafrágang námunnar ættu fláar að vera í sem mestu samræmi við upprunalegan landhalla. Til þess verða fláar að vera nokkuð flatari en gert er ráð fyrir í frummatsskýrslu.
2. Ráðgert er að haugsetja mold á fjallinu ofan efnistökusvæðis, sem ýtt verði yfir fláa við lok efnistöku. Umhverfisstofnun telur þessa hugmynd í sjálfu sér góða. Stofnunin telur þó að ekki ætti að haugsetja mold á fjallinu til lengri tíma vegna fokhættu. Ef af þessu verður ætti að flytja þetta efni uppá fjallið eins seint á vinnslutíma og kostur er. Einnig verði hugað að því að aðfluttur jarðvegur gagnist til endurheimtar á þeim gróðri sem fyrir er í næsta nágrenni.
3. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi nánari grein fyrir haugsetningu aðflutts uppmoksturs umfram það efni sem fyrirhugað er að nýta í gerð manar. Stofnunin telur að ef haugsetja eigi efni við Lambafell ætti að gæta þess að gróður og yfirborð hauga sé í eins miklu samræmi við nánasta umhverfi eins og kostur er. Í þessu sambandi má benda á haugsetningu við Krýsuvíkurveg þar sem form og gróður á haugsvæðum stingur verulega í stúf við hraun og hlíðar í næsta nágrenni.

Umhverfisáhrif: Umrædd efnistaka er talin hafa óveruleg áhrif á gróðurfur, fuglalíf og dýralíf, sem er fábreytt á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Einnig munu áhrif á ferðamennsku verða óveruleg.

Umhverfisstofnun telur að áhrif efnistökkunnar verði fyrst og fremst áhrif á jarðmyndanir auk sjónrænna áhrifa. Áhrif á jarðmyndanir eru veruleg og óafturkræf. Þau áhrif eru þó þegar að mestu fram komin vegna efnistöku umliðinna ára.

Sjónrænum áhrifum efnistökkunnar mætti skipta í tvennt. Annars vegar sjónrænum áhrifum á

næstu 30 árum eða vinnslutímanum og hins vegar sjónrænum áhrifum að vinnslu lokinni. Lambafell er lágur móbergshryggur. Unnt er að fylgja gróflega formum hryggisins með því að haga efnistöku þannig að ýtt er niður úr samfelldum svæðum í hlíðinni.

Umhverfisstofnun telur að draga megi verulega úr sjónrænum áhrifum efnistökkunnar á vinnslutíma með þeim hætti sem fjallað er um í frummatsskýrslu. Stofnunin telur einnig að líta beri til þess að umgengni um efnistökusvæðið í Lambafelli hefur verið góð og gefur það fyrirætlunum framkvæmdaraðila aukið vægi.

Helstu óvissuþættir varðandi útlit námunnar á vinnslutíma tengjast rekstri tveggja samliggjandi náma í Lambafelli. Framkvæmdaraðili þeirrar námu sem hér um ræðir hefur lýst sig fúsan til að samræma vinnslu og frágang þessara tveggja námusvæða innan þeirra marka sem eftirspurn eftir efni setur hvorum aðila fyrir sig. Í ljósi hins langa vinnslutíma telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að framkvæmdaraðili endurskoði reglulega áætlun um efnistöku í samráði við hlutaðeigandi aðila.

Að mati Umhverfisstofnunar er ekki líklegt að umrædd efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin telur þó að ef tekið verður tillit til framangreindra athugasemda mætti draga enn frekar úr sjónrænum áhrifum umræddrar efnistöku.

Virðingarfyllt,

Björn Stefánsson



Olafur A. Jónsson



Austurvegur 56 - 800 Selfoss

Sími 482 2410 – Myndsendir 482 2921 – Netfang hs@eyjar.is – Kennitala 480284-0549

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík




Selfossi, 14. júlí 2008
0711057BP

Efni: Efnistaka í Lambafelli. Hjallatorfa. Frummatsskýrsla.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur fengið til umsagnar frummatsskýrslu Línuhönnunar f.h. Árvéla, um efnistöku úr landi Hjallatorfu í Lambafelli í sveitarfélaginu Ölfus.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur kynnt sér matsskýrsluna og gerir ekki athugasemdir, fyrir sitt leyti vegna mengunarvarna.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Birgir Þórðarson
heilbrigðisfulltrúi

